



Dagskrá 17. fundar stjórnar SSA 7. mars 2022

Fundargerð

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Hildur Þórisdóttir og Gauti Jóhannesson. Pálína Margeirsdóttir og Sigríður Bragadóttir boðuðu forföll. Í þeirra stað mættu varamennirnir Stefán Bogi Sveinsson og Berglind Harpa Svavarsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð

Fundurinn var haldinn í Végarði í Fljótsdal og hófst hann kl 14:00.

1. Fundur SSA og Fljótsdalshrepps

Gestir fundarins undir þessum lið voru fulltrúar sveitastjórnar og sveitastjóri Fljótsdalshrepps. *Helgi Gíslason sveitarstjóri fór yfir stöðu mála í hreppnum og kynnti helstu verkefni sem eru þar á dagskrá. Rædd voru ýmis málefni sem tengjast starfsemi sveitarfélaga í dag.*

Stjórn SSA þakkaði sveitastjórn og sveitarstjóra fyrir góðan og upplýsandi fund.

2. Fundargerðir, erindi og ályktanir

3.1 Fundargerð frá 16. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – *Fundargerðin var lögð fram til samþykkingar og verður undirrituð rafrænt*

3.2 Fundargerðir stjórnar SSH (536), SSNV (74), SSNE (35), SASS (578), SSS (776) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*

3.3 Fundargerð Sambandsins (906, 907, Úrgangsmál) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*

3.4 Stýrihópur stjórnarráðsins (78) – *Lagt fram til kynningar*

3. Önnur mál

Kjördæmavikan. *Formaður stjórnar kynnti fyrirkomulag aukins samráðs sem rætt var við þingmenn í kjördæmavikunni. Stefnt er að reglulegum þemafundum með þingmönnum í kjördæminu ásamt stjórn SSNE. Í framhaldinu sagði hann frá síðasta fundi sem var um heilbrigðismál. Umræður stjórnar um stöðu heilbrigðismála í fjórðungnum.*

Ekki fleiri mál fundi slitið kl 15:30.